

Skýrsla gæðaráðs veturinn 2023-2024

Alma Oddgeirsdóttir
Karl Frímannsson
Ragnar Hólm Ragnarsson
Selma Dögg Sigurjónsdóttir
Sigurlaug Anna Gunnarsdóttir
Sigrún Aðalgeirsdóttir
Valdís Björk Þorsteinsdóttir

Hlutverk og markmið gæðaráðs	3
Starf skólaársins 2023-2024 – SDS	3
Gæðahandbók	3
Áfangamat haust- og vorannar.....	4
Áfangaskýrslur	4
Umbótaáætlun Menntaskólans á Akureyri	4
Hlýtt á nemendur – þjónustukönnun	5
Skólafundur, gildi, sýn og hlutverk Menntaskólans á Akureyri	6
Hlýtt á starfsfólk	7
Starfsmannasamtöl	8
Jafnlaunavottun.....	8
Skólaþróun.....	9
Kennsla í fremstu röð	9
Geðrækt í MA – Sprotasjóður.....	9
Menntabúðir.....	10
Skjalastjórnun.....	10
Störf kynningarnefndar	11
UT skýrsla.....	12
Tölvubúnaður og innkaup	12
Næstu skref - viðfangsefni gæðaráðs og stjórnenda næsta ár	13
Viðaukar	14
Áfangamat haust 2023	14
Áfangamat vor 2024.....	18
Þjónustukönnun – Hlýtt á nemendur	23
Umbótaáætlun	32

Hlutverk og markmið gæðaráðs

Gæðaráð er skipað skólameistara, aðstoðarskólameistara, brautastjórnum, skrifstofustjóra, fjármálastjóra og gæðastjóra.

Gæðaráð fundar að jafnaði tvisvar í mánuði en vinnur þess á milli að verkefnum í minni teyllum. Stjórnendur funda vikulega og þar eru einnig rædd gæðamál. Gæðamálefni eru því í stöðugri umfjöllun innan Menntaskólans á Akureyri.

Þessi sitja í gæðaráði 2023-2024

- Alma Oddgeirsdóttir
- Karl Frímannsson
- Ragnar Hólm Ragnarsson
- Selma Dögg Sigurjónsdóttir
- Sigurlaug Anna Gunnarsdóttir
- Sigrún Aðalgeirsdóttir
- Valdís Björk Þorsteinsdóttir

Starf skólaársins 2023-2024 – SDS

Gæðaráð Menntaskólans á Akureyri hittist tvisvar í mánuði á fundum og vann að ýmsum verkefnum þetta skólaárið. Hefðbundin verkefni eins og áfangamat, vinna við gæðaskjöl og gerð umbótaáætlunar voru unnin ásamt öðrum tilfallandi og óvænt verkefni á borð við tilkynningu um hugsanlegan öryggisbrest í Innu.

Á haustönn fór fram heilmikil vinna í tengslum við Innu og upplýsingar sem skólanum (og öðrum framhaldsskólum) berast í tengslum við innritun nýnema og skipta miklu máli í tengslum við innritun og að geta komið mikilvægum upplýsingum til forráðafólks. Menntaskólinn á Akureyri sendi á endanum bréf til Persónuverndar og Advania (vinnsluáðili upplýsinganna) um hugsanlegan öryggisbrest í Innu. Bréf barst frá Persónuvernd þess efnis að tilkynningin gefi ekki tilefni til aðgerða gagnvart skólanum og að málið beinist að Menntamálastofnun og Advania. Advania brást við með því að setja borða á vef Innu og óska eftir því að forráðafólk fari vel yfir skráningar á persónuupplýsingum.

Gæðahandbók

Á dagskrá gæðaráðs var áformað að halda áfram að uppfæra gæðaskjöl sem komin eru á tíma og eða eru orðin úrelt/eða eiga ekki við vegna breytinga sem hafa átt sér stað á hlutverkum starfsfólks. Þá var einnig unnið að gerð nýrra gæðaskjala.

Ekki reyndist nægur tími vera til að fara yfir öll skjöl en eftirfarandi gæðaskjöl voru yfirfarin, samþykkt og uppfærð í gæðahandbók.

- Skjöl sem tengjast jafnlaunakerfi Menntaskólans á Akureyri: VR-0022, VR-0023, VR-0024, VR-0025, VR-0026, VR-0027, HB-0024 og SS-0008.
- Önnur skjöl: Brot á reglum um námsmat EB-0014, Starfslokasamtal EB-021, Tilkynning um slys og vinnutíma – starfsmenn EB-0023 og Tilkynning um slys á skólatíma EB-0022.

Áfram verður unnið að uppfærslu gæðaskjala skólaárið 2024-2025.

Tvö ný skjöl voru sett upp í lok skólaárs og verða sett í rýni á haustönn 2024. Annars vegar Gátlisti skólakynninga og hins vegar drög að gátlista fyrir móttöku erlendra nemenda.

Áfangamat haust- og vorannar

Markmið

Markmið áfangamats er að bæta skólastarf, draga fram sterkar og veikar hliðar og veita kennurum, faggreinum og skólastjórnendum upplýsingar. Á grundvelli niðurstaðna verður gripið til viðeigandi ráðstafana. Í áfangamati er nemendum gefið tækifæri til að meta nám og kennslu.

Forsendur

Áfangamat er hluti af því innra mati sem hverjum framhaldsskóla er skylt að sinna skv. [41. gr. laga um framhaldsskóla nr. 92/2008](#), og [reglugerð um mat og eftirlit í framhaldsskólum 700/2010](#).

Fyrirkomulag/framkvæmd

Framkvæmd áfangakannana og hvaða áfangar eru metnir hverju sinni er í samráði við fagstjóra. Gert er ráð fyrir að hver áfangi sé metinn eigi sjaldnar en á þriggja ára fresti. Áfanginn getur þó verið metinn oftár sé þess óskað s.s. vegna breytinga á áfanganum. Áfangamat er að jafnaði lagt fyrir á síðustu þremur vikum annarinnar. Skv. ákvörðun gæðaráðs vorið 2023 var áfangamat lagt fyrir í öllum áföngum og hópum skólaárið 2023-2024.

Eftirfylgni

- Kennarar fá niðurstöður í sínum áföngum. Stjórnendur ræða við kennara um niðurstöður og starfið í heild. Áfangamatið er notað sem hluti af starfsmannasamtölum.
- Gæðaráðið fær allar niðurstöður og tekur saman skýrslu þar sem heildarsamantekt birtist.

Skipulag skólaárið 2024-2025

Gert er ráð fyrir að leggja áfangamat fyrir í öllum hópum, bæði á haust- og vorönn.

Áfangamat skólaárið 2023-2024

Á haustönn var áfangamat lagt fyrir í öllum bekkjum dagana **30. nóvember – 7. desember**. Fulltrúar gæðaráðs gengu í bekki til að leggja áfangamatið fyrir. Áfangamatið var lagt fyrir í 181 hópi, 65 áföngum. Fjöldi sem lagt var fyrir er 3961 og fjöldi svara var 3263, svo að svarhlutfallið var 82%.

Á vorönn var áfangamat lagt fyrir í öllum bekkjum dagana **13. - 17. maí**. Fulltrúar gæðaráðs gengu í bekki til að leggja áfangamatið fyrir. Áfangamatið var lagt fyrir í 187 hópum, 72 áföngum. Fjöldi sem lagt var fyrir er 3989 og fjöldi svara var 2642, svo að svarhlutfallið var 66%.

Frekari niðurstöður úr áfangamati eru í fylgiskjali.

Áfangaskýrslur

Kennarar skila áfangaskýrslum í lok haust- og vorannar þar sem koma fram upplýsingar um kennsluhætti og skipulag áfanga, nýbreytni, námsárangur og framtíðarsýn. Áfangaskýrslur eru teknar fyrir á fagstjórafundum á haustin.

Umbótaáætlun Menntaskólans á Akureyri

Unnin var umbótaáætlun til næstu þriggja ára fyrir Menntaskólann á Akureyri á skólaárinu þar sem meginuppistaðan eru niðurstöður úr skýrslu Ytra mats sem Menntamálastofnun framkvæmdi vorið 2023. Uppbygging umbótaáætlunar tekur mið af þeim þáttum sem farið er yfir í Ytra mati; stjórnun og skipulag, kennsla og námsframboð, samskipti og líðan, húsnaði og aðbúnaður og

lykilárangur/námsmat. Auk þeirra þátta sem settir voru fram í skýrslu Menntamálastofnunar voru settir inn umbótaþættir úr könnuninni 2+2 sem skólameistari lagði fyrir starfsfólk og þeir þættir sem komu fram í umræðum í kjölfar könnunarinnar „Stofnun ársins“ á kennarafundi (sjá nánar hér neðar).

Umbótaáætlun var skilað inn til Mennta- og barnamálaráðuneytis vorið 2024 og sendi ráðuneytið bréf til skólans um eftirfylgni með umbótaáætlun og lýsti þar yfir ánægju sinni með sérlega vel unna umbótaáætlun.

Stofnun ársins - umræður í hópum

Svarhlutfall hjá okkur var um 70%. Á kennarafundi var hópavinna þar sem einkum var rætt um þá þætti sem skólinn skoraði lágt í, t.d. í sveigjanleika í vinnu vegna þess að þar skorum við lægra en aðrir skólar. Einnig var rýnt í vinnuskilyrði.

Samantekt:

- vantar fleiri námsmatsdaga
- vinnuskilyrði; helst nefnt hljóðvist og loftgæði, skortur á notalegum rýmum fyrir nemendur
- stofur kuldalegar, stórir hópar í of litlu plássi
- almenn sátt við sveigjanleika en bent á mikið álag og símat

Í framhaldinu voru kynntar í vikupistli og á kennarafundi tillögur að úrbótum sem voru unnar upp úr hópvinunni og var tillögum raðað í þrjá flokka; atriði sem hægt er að framkvæma strax, atriði sem farið verður í fljótlega og atriði sem þurfa lengri undirbúning.

Atriði sem farið verður í strax eru t.d.:

- Ný kaffivél á Möðruvöllum (búið að kaupa)
- Ípadar keyptir fyrir kennara sem nota þá í kennslugagnagerð og í kennslu
- Heyrnartól (verður gert í einhverjum áföngum)
- Húsgögn og tafla í M11
- Símakassar

Atriði sem verður farið í fljótlega:

- Vinnuherbergi í G12 (ekki fékkst þó heimild frá Fasteignum ríkisins til að gera upp stofuna á þessu ári)
- Skjáiir í stofur
- Efnafræðistofa (mögulega)
- Vinnuherbergi á efri hæð Möðruvalla (norðurendi), aðstaða fyrir nemendur
- Sófar fyrir nemendur

Atriði sem þurfa lengri undirbúning:

- Húsgögn í nýja kaffiaðstöðu á Möðruvöllum
- Kennaraborð
- Skápar fyrir steinasafn
- Stólar og borð í G22
- Hljóðdempandi plötur í G22

Umbótaáætlun má finna í heild sinni í viðauka hér aftar í skýrslunni.

Hlýtt á nemendur – þjónustukönnun

Þjónustukönnun var lögð fyrir alla nemendur á vorönn. Spurt var út í ýmsa þætti er snerta þá þjónustu sem boðið er upp á í skólanum s.s. þjónustu og aðstöðu á bókasafni, aðgengi að stjórnendum og stoðteymi (náms- og starfsráðgjöfum, skólasálfræðingi og skólahjúkrunarfræði) og

tilgang heimsóknna til þessara aðila. Einnig var spurt um viðhorf og aðgengi að tölvu- og tæknaaðstoð í skólanum, afgreiðslu, opnunartíma skólans og viðhorf til umsjónarkennslu.

Svarhlutfall könnunar var 69%.

Helstu niðurstöður úr þjónustukönnuninni eru í fylgiskjali.

Skólafundur, gildi, sýn og hlutverk Menntaskólans á Akureyri

Skipulag og framkvæmd:

Skólafundur var haldinn 25. janúar í öllum bekkjum, í flestum tilvikum í 4. tíma. Markmiðið var að gefa nemendum tækifæri til að taka þátt í umræðum um endurskoðun skólastefnu og hafa áhrif á hana.

Búið var að skipta nemendum í hópa fyrirfram en kennarar voru beðnir um að finna ritara og fundarstjóra fyrir hvern hóp. Þeir fengu senda forms-slóð sem þeir sendu svo áfram á ritara og fundarstjóra hópans. Kennarar voru beðnir um að útskýra verkefnið og tilganginn fyrir nemendum.

Fyrirmæli til nemenda:

- hópar reyni að komast að sameiginlegri niðurstöðu þótt ekki sé hægt að reikna með að það takist alltaf. Athugið að útskýra alltaf svörin ykkar, ekki er óskað eftir einföldum já/nei svörum.
- ekki er ætlast til að fundarritarar taki niður allt sem sagt er heldur fyrst og fremst niðurstöður eða það sem viðkomandi hópur vill koma á framfæri
- þeim mun fleiri í hópnum sem fá að tjá sig, þeim mun meira virði verða niðurstöðurnar. Fundarstjóri gætir þess að öll fái tækifæri til að tjá sig
- gætum kurteisi í umræðum og sýnum skoðunum annarra virðingu

Þetta voru umræðupunktarnir:

Gildi skólans og hlutverk

Gildi eru það sem okkur þykir mikilvægt að hlúa að í skólanum, það sem við stefnum öll að og á að einkenna allt starf skólans, starfsfólks og nemenda.

Gildi skólans núna eru virðing – víðsýni – árangur.

Verið er að endurskoða gildi skólans og hlutverk og þetta er tillaga að nýju hlutverki og gildum:

Hlutverk skólans er að hjálpa nemendum að verða góðir námsmenn og farsælar manneskjur

Gildi: Árangur – bjartsýni - virðing

Umræðuefni

- Hversu vel finnst ykkur þetta lýsa vel gildum skólans?
- Eru einhver önnur gildi sem ykkur þykja skipta (meira) máli?
- Finnst ykkur þetta lýsa vel hlutverkum skólans?
- Eru einhver önnur hlutverk sem ykkur þykja skipta (meira) máli?
- Þarf eitthvað að breytast svo við getum sagt að við séum að uppfylla hlutverk og gildi skólans?
- Hvað getur hjálpað ykkur/nemendum í skólanum til að verða góðir námsmenn og farsælar manneskjur?

Önnur atriði sem má ræða ef tími vinnst til:

- Er eitthvað fleira sem þið viljið koma á framfæri?
- Sjáið þið leiðir til að nemendur geti haft meiri áhrif á skólastarfið? Hverjar þá?
- Hvaða kröfur gerið þið til skólans? Hvað finnst ykkur að hann eigi að veita ykkur?
- Finnst ykkur gaman/líður ykkur vel í skólanum? Væri hægt að gera námið áhugaverðara, hvernig?

Helstu niðurstöður, samantekt og tillögur um áframhaldandi umræðu í umsjónartímum:

Gildin	<p>Flestir hópar sammála um að gildin passi vel skólanum</p> <p>Umræða um „virðingu“ virtist áberandi meðal hópanna og að hana þyrfti að auka. Virðing meðal samnemenda en einnig frá starfsfólki. Nemendur bera ekki virðingu fyrir öllu félagsstarfi sem stundað er í skólanum né öllu námi sem boðið er upp á og stundað við skólann.</p> <p>Einnig kom fram að gildin mættu vera meira áberandi í skólastarfinu.</p> <p>Önnur gildi sem voru nefnd voru t.d. jákvæðni, Hjálpsemi, tillitsemi, traust, vinátta og kærleikur, agi, metnaður og jafnrétti.</p> <p>Umræða í umsjónartíma: Hvernig má auka virðingu í skólanum? – hvernig geta gildin verið meira áberandi í skólanum? Hvernig birtist virðing/virðingarleysi í skólanum Hvernig má bæta?</p>
Álag	<p>Nemendur nefna að álag sé mikið í skólanum, langir dagar og svo taki við heimanám. Endurskoða þurfi einingarfjölda í ákveðnum áföngum þar sem álag sé ekki í jafnvægi við einingar</p> <p>Hvernig er álag í skólanum? Hvernig má bæta/breyta?</p>
Kennsluhættir	<p>Lengri námstími – 4 ár</p> <p>Fleiri heimanámstíma</p> <p>Lengri tími fyrir verkefni</p> <p>Fjölbreytta kennsluhætti, brjóta upp kennsluna</p> <p>Ekki langa fyrirlestra</p>
Skipulag	<p>Vera búin fyrir á daginn</p> <p>Fjarvera starfsfólk verði sett tímanlega inn- að allir kennara sendi póst um fjarveru</p> <p>Auka hvatningu og stuðning til nemenda</p>
Áhrif nemenda	<p>Að nemendur hafi meiri skoðun á náminu/hvað þau vilji læra</p> <p>Ábendingar til skólafélagsins um að hlusta á nemendur og koma því til skila</p> <p>Skólafundur, jafnvel kosningar um breytingar</p> <p>Hafa bekkjarfulltrúa á fundum</p>
Kröfur til skólans	<p>Ódýrari og betri námsgögn</p> <p>Öryggi „Það á að vera gott að ganga inn í skólann, finna fyrir öryggi og stuðning og kennarar eiga að kenna námið með áhuga“</p> <p>Veita góða menntun og undirbúning fyrir háskóla</p>

Hlýtt á starfsfólk - Samantekt af umræðum á kennarafundum

Skólastefna og skólasýn var mikið til umræðu á skólaárinu. Á haustönn voru tekin einstaklingsviðtöl við brautarstjóra og fagstjóra þar sem rætt var um framtíðarsýn, með áherslu á nám og kennslu. Niðurstöður úr þeim samtölum var að við þyrftum að leggja áherslu á inntakið í því sem við gerum

frekar en að breyta strúktúrnum eða skipulaginu. Á kennarafundum og skólaráðsfundi kynnti skólameistari tillögu að skólastefnu til umræðu:

Tillaga að hlutverki skólans: Hlutverk okkar er að hjálpa nemendum að vera góðir námsmenn og farsælar manneskjur.

Tillaga að skólasýn: Allir nemendur geta lært og tekið framförum

Tillögur að gildum: Virðing – Bjartsýni – Seigla – Árangur

Forysta: Meginstefið í stjórnun skólans er að leiða og hvetja frekar en að ýta og draga. Hlutverk stjórnenda er að búa í haginn fyrir starfsfólk svo að það geti sinnt starfi sínu af kostgæfni. Leiðin fram undan er að setja stefnumið skólans í gæðakerfið.

Á kennarafundi á vorönn var einnig rætt um aukinn sveigjanleika í námi, s.s. hvort að við förum alfarið eða að hluta til í áfangakerfi. Áfangakerfi er sveigjanlegra en líka hagkvæmara í rekstri en þó er unnið með það að leiðarljósi að bæta nám nemenda. Bekkjarkerfið er okkar kennileiti og það þarf að fara varlega í að breyta þessum grundvallarþætti í MA.

Í maí var svo hópavinna á kennarafundi um námsmat og verkefnatöflur.

Á starfsdegi 31. maí var haldinn vinnufundur sem Hulda Birna Kærnested stýrði:

Samantekt

Þeir þættir sem voru sameiginlegir úr öllum hópum:

- Bekkjarkerfi
- Auka sveigjanleika, nemendur taka meira ábyrgð á náminu
- Auka sjálfstæði nemenda
- Stundatafla
 - Fleiri námsmatsdagar
 - Vinnudagar/uppbrot í töflu
 - Meira val
 - 9.00-15.00
- Samvinna á milli faga, lokaverkefni
- Vinnurými nemenda
- Annað sem allir hópar töluðu um (sem er rammað í samning MRN fjárlög)
 - Hópastærðir
 - Fjöldi kennsludaga

Starfsmannasamtöl

- Haustönn: Skólameistari og aðstoðarskólameistari tóku sameiginleg viðtöl við stjórnendur og fagstjóra. Skólameistari tók viðtöl við ræstitækna.
- Vorönn: Skólameistari og aðstoðarskólameistari skiptu kennarahópnum á milli sín og tóku viðtöl við alla kennara.

Jafnlaunavottun - viðhaldsúttekt

Þann 7. maí 2024 fór fram viðhaldsúttekt á Jafnlaunakerfi Menntaskólans á Akureyri á Teams. Farið var yfir kerfið í heild sinni en ekki farið á dýptina í einstaka þáttum í þetta skiptið en gera má ráð fyrir því í næstu úttekt. Starfmaður Versa vottunar tók út kerfið og markmiði úttektar var náð og kerfið í mjög góðum farvegi. Mörg svið í framúrskarandi farvegi og til fyrirmyndar.

Úttektaraðili sett fram 3 minniháttar atriði, ein athugasemd og tvö tækifæri til umbóta. Athugasemdin var að því að ekki þótti nægilega gert grein fyrir því með hvaða hætti jafnréttisráð tekur stöðu á jafnlaunakerfinu

Tækifærin til umbóta voru tvö, annars vegar að tryggja betur fylgni við lagalegar kröfur með því að bæta við Reglugerð nr. 1009/2015 um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum á lista yfir lagalegar kröfur þar sem kröfur eru skýrari í reglugerðinni en í jafnréttislögum.

Hins vegar tækifæri til að skýra betur frá framsetningu á niðurstöðum innri úttekta og ákvarða lágmarksviðbrögð við þeim til að tryggja betur árangur og skilvirkni úttektarferlisins.

Skólaþróun

Kennsla í fremstu röð

Mennta- og barnamálaráðuneytið auglýsti þann 1. nóvember 2023 styrk til nýsköpunar- og skólaþróunarverkefna á vettvangi leik-, grunn- og framhaldsskóla og frístundastarfs. Sótt var um styrk fyrir verkefni sem hlaut heitið Kennsla í fremstu röð.

Í styrkumsögn kom fram að markmið með verkefninu væri að auka gæði náms og kennslu og samræðu innan skólans um hvað felst í gæðakennslu. Unnin yrði starfendarannsókn en slík aðferð er vel til þess fallin að gefa kennurum færi á að meta eigin kennslu, bregðast við og þróa hana. Einnig var markmiðið að styrkja fagleg tengsl MA við HA og MSHA og festa í sessi öflugt samstarf um nám og kennslu. Í umsókninni segir: „Unnið verður með greiningarramma PLATO sem viðmið um gæði náms sem QUINT-hópurinn hefur notað í kennslustofurannsóknum á Norðurlöndum. Sjónum verður beint að samræðum í skólastofunni, tilgangi náms og endurgjöf til nemenda. Kennarar vinna í teyrum, rýna þætti í kennslu með myndbandsupptökum úr kennslustundum. Niðurstöðurnar verða nýttar til starfsþróunar í MA. Efla gagnrýna hugsun nemenda og þjálfra þá í að tjá sig, markvisst unnið með læsi og textameðferð sem styður við Menntastefnu 2030.“

Alls var sótt um styrk að upphæð 11.480.250 kr. en úthlutunin var 3.300.000. Það var því ljóst að hugsa yrði verkefnið að einhverju leyti upp á nýtt og sníða stakk eftir vexti.

Vorönn 2024 tóku alls 30 kennarar þátt í verkefninu. Það var í formi fræðslu sem Háskólinn á Akureyri sá um og skipulagði, þrjú skipti í eina og hálf klst. í senn.

14. febrúar: Plato og námsleg vellíðan. Birna Svanbjörnsdóttir og Hermína Gunnþórsdóttir

7. mars: Starfendarannsóknir. Rúnar Sigþórsson

3. maí: Gæði kennslu – endurgjöf og samræður í skólastofunni. Birna Svanbjörnsdóttir og Sólveig Zophoníasdóttir

Greitt var fyrir þátttöku kennara í vinnustofunum. Þótt ekki væri gerð nein könnun á viðhorfi kennara til fræðslunnar var viðhorfið almennt jákvætt og erindin þóttu fróðleg.

Framundan er svo að hrinda hinu eiginlega verkefni af stað. Gert er ráð fyrir undirbúningsnámskeiði fyrir starfsdaga í ágúst þar sem vetrarstarfið verður skipulagt, hvað það er sem kennarar vilja rannsaka og velta fyrir sér í eigin kennslu og helst nota upptök úr kennslustundum til að rýna í. Eftir á að finna einhvern til að stýra vinnunni þessa daga og halda utan um verkefnið næsta skólaár.

Geðrækt í MA – Sprotasjóður

Sótt var um styrk til Sprotasjóðs fyrir skólaárið 2023-2024 vegna verkefnisins Geðrækt í MA. Sótt var um alls 4,9 milljónir þar sem skólinn kemur einnig til móts við verkefnið með auka mótframlagi. Alls fengust 3,3 milljónir og stendur verkefnið yfir frá ágúst 2023 til og með ágúst 2024. Í skólasýn MA kemur fram að skólinn hefur að leiðarljósi vellíðan og heilbrigði nemenda og eflir trú þeirra á eigin getu. Mikilvægt er að hafa úrræði sem gagnast nemendum til að bæta líðan, styrkja úthald og seiglu, efla og

bæta samskipti innan bekkja, auðvelda nemendum að komast inn í félagslíf skólans og minnka líkur á einmanakennd. Markmið með verkefningu var að þróa hagnýt bjargráð fyrir nemendur sem fléttast inn í skólastarfið þar sem áherslan er á geðrækt, tengsl og samskipti og það að tilheyra.

1. Skjól í skólanum. Boðið var upp á skjól í skólanum, stað og tíma þar sem nemendur gátu róað hugann og sótt slökun og jóga. Fest var í sessi skjól í skólanum fyrir nemendur til að sækja í og stunda jóga og núvitund. Þetta var gert til að sporna við kvíða og áreiti. Auglýstir voru tímar í hverri viku fyrir nemendur þar sem þeir gátu komið og stundað slökun og núvitund. Einnig voru sérstakir tímar fyrir starfsfólk auglýstir. Auk þess voru slökunartímar í prófatíð fyrir nemendur fyrir öll lokapróf í desember sem og í maí.
2. Tæklaðu tilveruna: Fræðsla og forvarnir sem stuðla að velferð nemenda: Útbúin voru 4 rafræn námskeið og fræðsla um ýmislegt sem tengist velferð nemenda. Planið er að setja þau á heimasíðu skólans og geta þau þá nýst öllum þegar þau verða endanlega tilbúin í ágúst 2024. Námskeiðin eru um Prófkvíða, Velliðan, Seiglu og Námstækni og tímastjórnun. Stoðteymi skólans hannaði námskeiðin en fyrrverandi nemendur skólans voru fengnir til að aðstoða við myndbandagerðina þar sem þau sáu m.a. um að teikna, semja tónlist, tala inn á myndböndin sem og að sjá um tæknimál, hönnun, útfærslu og utanumhald almennt.
3. Félagslíf nemenda – jákvæð samskipti. Stjórn skólafélagsins fékk fræðslu og þjálfun frá skólasálfræðingi en notast var við efni frá Ofbeldisforvarnarskólanum. Þrjú undirfélög fengu einnig þessa fræðslu.
4. Seigla og lausnamiðuð hugsun til að styrkja einstaklinginn. Kennsla fyrir nýnema og tækifæri til þess að þjálfa tiltekin bjargráð sem efla seiglu. Náms- og starfsráðgjafi í MA var með skólasálfræðingi í átta kennslutímum, þar sem hver tími hafði sitt þema, í Nýnemafræðslu þar sem efling í seiglu var kennd. Þemun voru sjálfspæking, þakklæti, bjartsýni, hómor, samskiptafærni, félagsleg tengsl, samkennd og styrkleikar. Sjálfsmatslisti er metur seiglu var lagður fyrir í upphafi fræðslu og í lokin og er á dagskrá að niðurstöður liggi fyrir á haustönn 2024. Auk þessa var kennurum annarra bekkja boðið að nýta sér að fá fræðslu í seiglu og nýttu sér þrjú umsjónarkennarar 2. bekkja það.
5. Heimili á heimavist. Í umsókninni var einnig gert ráð fyrir vinnu með heimavist en þar sem styrkur var minni en sótt var um þá var áhersla lögð á hin atriðin fjögur og þessu atriði sleppt í þetta skiptið.

Ljóst er að þróunarverkefni sem þetta er langtímaverkefni þó tímarammi þessa þátta séu 13 mánuðir. Engu að síður er gert ráð fyrir að sjáanlegur afrakstur verði strax í upphafi skólaárs 2024-2025.

Menntabúðir

Nú í vetur var fyrsti veturinn sem kostnaður við menntabúðir var ekki greiddur úr Sprotasjóðsstyrk. Mikill vilji er meðal stjórnenda að halda þessu verkefni áfram, enda hafa menntabúðir löngu sannað gildi sitt, og því greiðir skólinn nú bæði fyrir málstofur og léttar veitingar. Áfram eru greiddar 15.000 fyrir hverja málstofu.

Alls voru haldnar fernar menntabúðir í MA í vetur, allar voru þær eingöngu fyrir starfsfólk MA, s.s. ekki í samvinnu við aðra skóla á svæðinu. Haldið var haustþing framhaldsskóla á Norðurlandi í haust og því ekki jafn brýnt að halda sameiginlegar menntabúðir og þegar slíkt þing er ekki haldið.

Meðal efna á málstofum í vetur má nefna kennslu á forritið Desmos, raddbeiting – praktískar aðferðir og verkleg kennsla, ÍSAL – íslenska sem annað tungumál, sjónarhorn kennara úr grunnskóla, gervigreind, þrívíddarprentarar, Canva EDU og nemendur segja frá – hvernig má nýta tækni til góðs í námi. Efnin voru fjölbreytt eins og áður og menntabúðir frábært tækifæri til starfsþróunar kennara og annars starfsfólks.

Skjalastjórnun

Á skólaárinu 2023-2024 voru þrjú megin viðfangsefni á dagskrá auk hefðbundinnar skjalavörslu.

- Endurskoðun málalykils MA
- Innra eftirlit á málaskráningu
- Rafræn skil til Þjóðskjalasafns

Fyrirséð var að Málalykill MA yrði endurskoðaður þetta skólaárið þar sem gildistími málalykilsins var til 31. mars. Ákveðið var að taka upp nýtt málakerfi (skjalastjórnunarkerfi), GoPro, og fóru þessi verkefni vel saman einkum og sér í lagi vegna þess að nýju málakerfi fylgdi grunnur að málalykli sem er sameiginlegur meðal annarra framhaldsskóla sem nýta skjalastjórnunarkerfið GoPro. Málalykill skólans er yfirgripsmikill og vel flokkaður eftir starfsemi skólans. Teymi starfsmanna í gæðaráði hittust vikulega á fundum og fóru yfir málalykilinn, tóku það sem er úrelt og bættu við því sem þótti viðeigandi.

Í júní 2023 var sett upp áætlun fyrir innra eftirlit með skjalakerfinu þar sem markmið var sett um að skoða 10 mál í mánuði þar sem skoðuð er skráning skjala og lagað ef við á. Áætlunin gerði ráð fyrir því að í ágúst og september yrðu lokuð mál skoðuð og færð í skjalasafn. Í október til febrúar yrðu opin mál skoðuð og skráning lagfærð ef þörf væri á.

Gert var ráð fyrir rafrænum skilum á málakerfi til Þjóðskjalasafns þann 31. mars. Sótt var um sex mánaða aðlögunartíma hjá Þjóðskjalasafni og ný dagsetning á skilum var 1. október. Búið var að yfirfara og loka öllum málum þann 17. september en mikil vinna liggur að baki við að yfirfara gögn í málakerfi og leiðréttu skráningu mála. Fundað var með starfsmönnum Þjóðskjalasafns og Advania snemma árs 2024 og farið yfir ferlið sem tilheyrir skilum á gögnum til Þjóðskjalasafns. Starfsmaður Hjá Advania hélt utan um tæknilega afhendingu á skjalakerfinu og vegna orlofs í september var óskað eftir eins mánaða fresti eða til 1. nóvember.

Störf kynningarnefndar

Líkt og undanfarin ár hófst starf kynningarnefndar á skólakynningum fyrir 10. bekki á Eyjafjarðarsvæðinu og komu skólarnir svo í MA í byrjun nóvember og tókst vel til. Þrjú upplýsingaskjálir voru keyptir og settir upp í skólanum, einn í forstofu, annar á Möðruvöllum og sá þriðji í Kvos. Upplýsingaflæði innan veggja skólans efldist til muna við þessa framkvæmd. LMA setti upp Gosa á vorönn og enn á ný var 9. bekklingum á Eyjafjarðarsvæðinu boðið á generalprufuna. Fjölmargir nemendur grunnskólanna þáðu boðið og ljóst að verkefnið er vinsælt og vekur eftirtekt. Þá voru kynningarbæklingur og kynningarspjöld uppfærð og áætlunin að nýta áfram í ýmiskonar kynningarstarf.

Heimasíðan var reglulega uppfærð og þangað koma nýjar fréttir með vissu millibili. Nú á vorönn var síðu bætt við sem hefur að geyma ýmsa punkta um innritun í MA. Þá er Facebook síða skólans vel lifandi og er instagram reikningur skólans líka vinsæll en daglegir fylgjendur þar eru á milli 600-700.

Heimsókn í MA/Opið hús var haldið í 4. sinn þessa önnina. Miðvikudaginn 15. maí voru foreldrar og nemendur í 10. bekk boðnir velkomnir í Kvosina þar sem þeir fengu stutta kynningu á skólanum og kaffi, kleinur og kleinuhringi þar á eftir. Þeir sem vildu gátu gengið um skólann og svarað spurningum í ratleik. Aðsókn var ágæt en líklegt er að um 50 manns hafi þegið boðið. Tveir nemendur úr 1. bekk söguðu frá sinni reynslu af MA eftir fyrsta árið og LMA sá um að flytja tónlistaratriði úr sýningunni Gosa.

MA tók þátt í starfameessunni sem haldin var í Háskólanum á Akureyri þar sem náms- og starfsráðgjafar stóðu vaktina ásamt nokkrum nemendum og kynntu nám í MA. Þá fór stoðþjónusta MA í heimsóknir í grunnskólana og heimsóttu 9. bekkinga. Að lokum, upp hafa komið hugmyndir um að útbúa kynningarnefni fyrir hverja braut fyrir sig þannig að þær fái hver og ein að njóta sín betur. Nýjungar t.d. á sviðslistabrotunni þyrftu að fá meira rými. Auk þess er alltaf gott að bæta í sarpinn og eiga gott efni fyrir skólaheimsóknir og opin hús svo eitthvað sé nefnt.

UT skýrsla

Það má segja að allt hafi gengið sinn vanagang í vetur. Það voru engar stórvægilegar breytingar á starfsemi deildarinnar eða á skólafarfinu. Í vetur var viðvera á bókasafninu með því sem næst sama sniði og undanfarið og skiptu UT fulltrúar MA með sér viðveru á móti Advania. Aðsókn í tölvuaðstoðina er mjög sveiflukennnd og það er eðlilegt. Þegar stór verkefnaskil eru hjá nemendum, t.d. ritgerðir, lokaverkefni, myndbönd, hlaðvörp, Excel verkefni o.fl., þurfa mörg aðstoð en þess á milli er minna að gera. Það fer þó ekki á milli mála að nauðsynlegt er að nemendur og starfsfólk hafi greiðan aðgang að slíkri aðstoð og hefur fyrirkomulagið á bókasafninu gefist vel.

Tölvubúnaður og innkaup

Annað árið í röð voru það Opin kerfi sem áttu hagstæðasta tilboðið í örútbóði sem gert var á vordögum og voru því keyptar 12 HP Elitebook 830 G8 tölvur í ágúst. Voru þá samtals komnar þrjár árgerðir af HP Elitebook tölvum í umferð í skólanum og ein Lenovo Yoga L13 sem hafa hins vegar verið til mikilla vandræða.

Í vetur hófst líka endurnýjun á skjávörpum í stofum og voru í þeirra stað settir upp 75" skjáir í þremur stofum, H9, G22 og M13. Lenovo Yoga L13 eru reyndar í vandræðum með að tengjast þessum skjáum með þeirri uppsetningu sem er nú í stofunum og enn er verið að skoða hvernig er best að stilla þessu upp í stofum. Nú er dokka tengd við skjáina, úr henni er USB-c snúra sem notuð er til að tengja tölvur við. Kosturinn við það er að USB-c gengur bæði í PC og Mac og því geta nemendur sem gjarnan eru með Mac tengst beint við en þurfa ekki að fá lánað millistykki á bókasafni.

Gert er ráð fyrir að kaupa 10 skjái til viðbótar árið 2024 og eftir úttekt UT-ráðgjafa á stofum skólans var lögð fram tillaga um að eftirfarandi stofur yrðu næstar í endurnýjun: M11 (65"), M1 (86"), M22 (75") – samhliða endurnýjun stofunnar, H6 (75"), H7 (75"), H2 (75"), H3 (75"), G23 (65" eða 75"), G11 (75"), G21 (75"). Í þessu samhengi mætti íhuga hvort að taka ætti 75" skjáinn sem er í G22, setja í einhverja af þessum stofum og kaupa 86" í staðinn til að setja þangað því kennarar hafa minnst á að hann megi ekki minni vera í svo stórra stofu.

Á vordögum keypti skólinn 3 Ipad pro 11,9" og penna með þeim. Eru þeir hugsaðir til útláns fyrir kennara og verða þeir geymdir á bókasafni. Búið er að setja upp nokkur forrit í þeim sem nýtast t.d. við gerð kennsluefnis. Hans Rúnar og Bergmann voru fengnir til að setja Ipadana upp sem og ASM (Apple School Manager) og Jamf til að halda utan um tækin og stýra þeim. Ipadarnir komu það seint á skólaárinu að ekki fékkst mikil reynsla á notkun þeirra en vonandi verða þeir vel nýttir næsta vetur.

Við brautskráningu hlaut UT-deildin styrk til kaupa á þrívíddarprentara og spólum/efni fyrir hann. Margar og áhugaverðar tilraunir hafa farið fram með prentarann og margir kennarar orðnir mjög lunknir í notkun hans. Hugsunin var alltaf sú að gera nemendum kleift að nota prentarann en því miður var ekki hægt fyrr en undir lok skólaársins að koma prentaranum fyrir á stað sem er aðgengilegur nemendum. Ljóst er þó að nemendur geta ekki fengið að nota prentarann nema undir verndarvæng kennara og verður það í höndum hvers og eins kennara sem beinir nemendum að nota prentarann að hafa eftirlit með því.

